

AUGLÝSING

um styrki vegna tengingar lögbýla við dreifikerfi raforku.

Fram til ársins 1991 var unnið að rafvæðingu í sveitum landsins og á þeim tíma veitti Orkusjóður styrki vegna tengingar býla við dreifikerfi raforku. Í þeim tilfellum sem býli þóttu liggja svo langt frá dreifikerfinu að óraunhæft þótti að tengja þau, voru veitt lán til bygginga heimarafstöðva eða kaupa á díselvélum til að sjá viðkomandi býlum fyrir raforku.

Á þessum tíma var nær alfarið lokið við rafvæðingu sveita á Íslandi með örfáum undantekningum þó.

Íbúar þeirra lögbýla sem ekki eru tengdir dreifikerfi raforku og búa lengra en sem nemur 2 km frá skilgreindum tengistað við dreifikerfið geta sótt um fjárhagsaðstoð til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins vegna lagnar frá tengistað að lögbýli sem er umfram 2 km, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Er það í samræmi við ákvörðun Alþingis um að veita sérstökum fjármunum til slíkra verkefna af fjárlögum 2016.

Skilyrði styrkveitinga.

Skilyrði fyrir styrkveitingu vegna tengingar býlis við dreifikerfi raforku:

Föst búseta hafi verið á viðkomandi býli a.m.k. frá 1. janúar 1991, þ.e. frá þeim tíma er hætt var að veita styrki úr Orkusjóði til slíkra framkvæmda.

Ekki hafi verið veitt lán úr Orkusjóði til byggingar heimarafstöðvar á viðkomandi býli.

Veittur er styrkur til tengingar vegna háspennulagnar umfram 2 km, þó að hámarki 6 km.

Framkvæmd.

Umsækjandi skal ávallt greiða kostnað við fyrstu 2 km háspennulagnar og jafnframt heimtaugar- og spennistöðvargjald, samkvæmt gjaldskrá viðkomandi dreifiveitu.

Umsóknir vegna verkefna árið 2016, sendist atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Með umsókninni skal fylgja kostnaðaráætlun frá viðkomandi dreifiveitu.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. febrúar 2016.

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Helga Barðadóttir.